

Alþingi
Erindi nr. P 139/2582
komudagur 20.5.2011



Alþingi – nefndasvið.
Allsherjarnefnd
v.t. Elín Valdís Þorsteinsdóttir, lögfr.,
150 Reykjavík.

Reykjavík 23. maí 2011
11.16


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands (heildarlög), 674. mál og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands, 675. mál.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi til nýrra heildarlaga um Stjórnarráð Íslands og tilheyrandi frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum, verður ekki séð að breyting sé gerð á lagalegri stöðu Landsnets hf.

Verði frumvörpin að lögum er rétt að vekja athygli á mikilvægi þess að skýrt sé hvernig stjórnarmálefnum sé skipt milli ráðuneyta, sbr. 4. gr. frumvarps til laga um Stjórnarráð Íslands, með því að heiti ráðherra verður nú almennt í lögum í stað þess að vera sértækt eins og verið hefur.

Fyrirtækið gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við efni frumvarpanna.

Virðingarfyllst,
f.h. Landsnets hf.


Þórður Guðmundsson, forstjóri.